

gat stefnandi kynnt sér rennsli úr krönum íbúðarinnar. Ekkert er fram komið um, að lagnir þessar hafi verið óforsvaranlegar, miðað við venjulegt fyrirkomulag á þeim tíma, er húsið var byggt. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessa. Ekki verður talið, að þeir vankantar á múrhúðun geymslugólfs, sem getið er um í matsgerðinni, hafi verið slíkir, að þar sé um að ræða leynda galla, sem stefndi beri ábyrgð á gagnvart stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Diðriki Helgasyni múrarmeistara og Runólfi Jónssyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Eiður Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Geirs Hansens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1965.

Nr. 20/1965. **Hjörtur Hjartarson** (Björn Hermannsson hdl.)

gegn

Bæjarstjóra Keflavíkurkaupstaðar f. h.

hæjarsjóðs og gagnsök

(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Skipulag kaupstaðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1965. Eru kröfur hans þessar:

1. Að staðfest verði það ákvæði hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjandi „auðkenni sund að húsinu Austurgata 8 með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu“.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda skaðabætur, kr. 300.000.00 eða aðra hæfilega fjárhæð, fyrir ólöglegar breytingar á skipulagsuppdrætti kaupstaðarins og allt tjón, þar af leiðandi, ásamt 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 17. júní 1963, til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, enda verði málskostnaður í héraði tiltekinn sérstaklega og látinn falla til rikissjóðs.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. marz 1965. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í Hæstarétti. Þá hafa dómendur og gengið á vettvang á samt fyrirsvarsmönnum aðilja.

Það athugast, að í þinghaldi í héraði hinn 27. nóvember 1964 var ákveðið að skipta sök þannig, að málið verði fyrst flutt um skaðabótaskylduna almennt og síðan um hina tölulegu hlið málsins, ef til kæmi. Héraðsdómari hefur hins vegar dæmt málið á viðtækari grundvelli. Með héraðsdómi er lokið dómsorði á atriði, sem varða kröfu aðaláfrýjanda um umferðarrétt að Hafnargötu. Svo hefur dómarrinn og komizt að þeirri niðurstöðu, að gagnáfrýjandi hafi ekki bakað sér bótaábyrgð með aðgerðum sínum, m. a. af því, að aðaláfrýjandi muni ekkert tjón hafa beðið. Hefur þannig verið lagður heildardómur á málið í héraði, og þykir þá einnig vera heimilt að gera það hér fyrir dómi, enda verður reifan málsins ekki talin standa því í vegi.

Hús það, sem nú er auðkennt nr. 8 við Austurgötu í Keflavík, var reist á erfðafestulóð samkvæmt samþykkt byggingarnefndar 29. júlí 1941. Í samþykktinni er tekið fram, að húsið verði byggt sem bakhús og að aðgangur að því verði frá Hafnargötu. Var húsið í upphafi auðkennt nr. 22 C við Hafnargötu. Á þessum tíma var í gildi óbreyttur skipulagsuppdráttur sá fyrir Keflavíkurkaupstað, sem staðfestur var af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu hinn

7. júní 1934. Afstöðu hússins til gatna samkvæmt þeim skipulagsuppdrætti er lýst í héraðsdómi.

Hinn 1. marz 1944 staðfesti Félagsmálaráðuneytið með skírskotun til skipulagslaga nr. 55/27. júní 1921 skipulagsbreytingu „til þess að gilda sem samþykkt um skipulag Keflavíkurkaupstúns“. Samkvæmt breytingu þessari skyldi Austurgata framlengd til norðurs og liggja sjávarmegin fram með húseign þeirri, sem hér ræðir um. Átti húsið þannig að komast í beint samband við götu í stað þess að teljast bakhús við Hafnargötu. Var húsið eftir þetta, eða frá því á árinu 1945, auðkennt nr. 8 við Austurgötu.

Aðaláfrýjandi fékk afsal fyrir efri hæð hússins nr. 8 við Austurgötu hinn 20. apríl 1956 og hefur verið eigandi hennar síðan. Er því lýst í málflutningi, að brunabótamat efri hæðarinnar sé kr. 377.200.00, en brunabótamat jarðhæðarinnar, sem er í eign annars aðilja, kr. 334.500.00.

Með samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar hinn 25. júní 1958, að undangenginni samþykkt byggingarnefndar hinn 13. sama mánaðar, var nafngreindum manni veitt „leyfi til byggingar íbúðarhúss fyrir enda Austurgötu samkvæmt síðar sendri teikningu“. Leyfið var „háð því skilyrði, að landeigandi láti í té stíg frá Hafnargötu að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu, og sé sá stígur eigi minna en 4 metrar á breidd“. Hús þetta, sem síðar var reist, hlaut auðkennið nr. 10 við Austurgötu. Liggur húsið þvert yfir fyrirhugaða framlengingu Austurgötu samkvæmt skipulagsuppdrætti og girðir fyrir það, að gatan verði framlengd að og fram með húseigninni nr. 8 við sömu götu.

Skipulagsstjóri ríkisins hefur í bréfi, dags. 4. desember 1964, lýst því, að staðsetning hússins nr. 10 við Austurgötu hafi á sínum tíma verið gerð í samráði við sig, og kveðst hann hafa samþykkt hana fyrir sitt leyti. Hins vegar er komið fram, að tillaga um þessa breytingu á skipulagi Keflavíkurkaupstaðar var ekki lögð fyrir skipulagsnefnd ríkisins og Félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938. Samþykkt bæjarstjórnar-

innar frá 25. júní 1958 og framkvæmd hennar var því brot á ákvæðum 3. málsgr. 13. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1938. Ekki hefur heldur síðar verið gerð lögleg breyting á skipulagi Keflavíkurkaupstaðar til samræmis við umrædda samþykkt bæjarstjórnarinnar.

Verður þá vikið að kröfum aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Um 1. Með héraðsdómi er dæmt, að gagnáfrýjandi skuli auðkenna sund að húsinu nr. 8 við Austurgötu með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu. Krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á þessu ákvæði héraðsdóms. Ekki verður séð, að krafa á hendur gagnáfrýjanda um slíkar aðgerðir hafi við sett lög né aðrar réttarreglur að styðjast. Ber því eftir kröfu gagnáfrýjanda að sýkna hann af greindri kröfu aðaláfrýjanda.

Um 2. Það er ótvírætt, að aðaláfrýjandi hefur hagsmuna að gæta um skipulag á umræddu svæði. Telja verður, miðað við staðhætti, sem dómendur hafa kynnt sér, að húseignin Austurgata 8 sé ekki eins útgengileg í kaupum og solum, eftir að girt hefur verið fyrir beina staðsetningu hennar við götu, svo sem vera átti samkvæmt skipulagsupprætti. Ber því að leggja til grundvallar, að húseignin hafi rýrnað nokkuð í verði vegna framangreindra aðgerða gagnáfrýjanda. Um bótaskyldu gagnáfrýjanda hefur aðaláfrýjandi meðal annars vísað til bótaákvæða 25. gr. skipulagslaga nr. 55/1921, sbr. nú lög nr. 19/1964. Þær reglur koma þó ekki til álita hér, þar sem þær eru miðaðar við, að lögmet skipulagsbreyting hafi verið gerð, en hér er ekki um það að ræða. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi með framangreindri ólöglegri röskun á staðfestu skipulagi kaupstaðarins aðaláfrýjanda í óhag, fellt á sig bótaábyrgð gagnvart honum. Með hliðsjón af áður greindum eignarhluta aðaláfrýjanda í húseigninni nr. 8 við Austurgötu og öðrum atriðum, sem máli skipta, þykja bætur honum til handa hæfilega metnar kr. 35.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta má ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostna-

að í héraði. Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjóri Keflavíkurkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfu aðaláfrýjanda, Hjartar Hjartarsonar, um setningu umferðarmerkis við Hafnargötu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 35.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. júní 1963 til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði. Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt skipulagsupprætti, staðfestum 7. júní 1934, skyldi Austurgata í Keflavíkurkaupþúni liggja samsíða Hafnargötu að austan í suður og norður nálega að sjó fram. Þvergata skyldi síðan tengja Austurgötu við Hafnargötu, þannig að gatnamót hennar og Hafnargötu væru nokkru norðar en gatnamót þvergötunnar og Austurgötu. Samkvæmt skipulagsupprætti, sem Félagsmálaráðuneytið staðfesti fyrir Keflavíkurkaupstað 1. marz 1944, skyldi hins vegar framlengja Austurgötu norður með sjó, og tengigata hennar og Hafnargötu vera hornrétt á hana.

Hinn 29. júlí 1941 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur að veita Guðlaugi St. Eyjólfsyni trésmið leyfi til að reisa litið hús „sem bakhús“ frá Hafnargötu í Keflavík. Hinn 6. september s. á. afsalaði Ólafur J. A. Ólafsson, kaupmaður í Keflavík, Guðlaugi St. Eyjólfsyni „erfðafesturétt

yfir 550 fermetra bletti úr lóð sinni Hafnargötu 23 í Keflavík. Lóðin verður Hafnargata 22C og liggur sunnan geymsluhússins við sjóinn (áður afsöluðu til Guðlaugs Eyjólfssonar), og eru takmörk hennar þessi: Lengd að austan meðfram sjó 38 metrar, að sunnan 50 m, að vestan 16 og norðan 18 m". Guðlaugur St. Eyjólfsson reisti á erfðafestulóð þessari samkvæmt áminnztu byggingarleyfi íbúðarhús, að stærð 8×8 m, eina hæð og kjallara. Kjallarinn var steinsteyptur, en hæðin úr asbestplötum með valmaþaki. Húsið snýr að Hafnargötu, og er heimbraut að því yfir gangstétt þeirrar götu og hallandi frá henni niður á rúmgótt autt svæði fyrir framan húsið.

Hinn 28. september 1944 veitti byggingarnefnd Keflavíkurkaupstaðar Guðlaugi St. Eyjólfssyni leyfi til, að íbúðarhús, sem hann hafði byggt í óleyfi norðan við húsið nr. 22C við Hafnargötu, mætti standa þar áfram.

Var hús þetta nefnt nr. 20C við Hafnargötu.

Samkvæmt skipulagsupprætti frá 1. marz 1944 skyldi Austurgata liggja sjávarmegin við húsið nr. 22C við Hafnargötu, sem eftir það var nefnt nr. 8 við Austurgötu, og svo húsið nr. 20C við Hafnargötu, sem auðkennt var síðan nr. 6 við Austurgötu.

Þá er til átti að taka, töldu yfirvöld Keflavíkurkaupstaðar misráðið að framlengja Austurgötu norður með sjó, svo sem ráðgert var í skipulagsupprættinum frá 1. marz 1944. Óhagræði í umferð um Hafnargötu myndi hljótast af framlengingu Austurgötu, en götugerð þessi hins vegar kosta stórfé. Um þessa fyrirhuguðu vegagerð lætur byggingarfulltrúinn í Keflavík svo mælt í bréfi 18. marz 1964: „Í þessu tilfelli tel ég, að nauðsynlegt hefði verið að steypa sjóvarnargarð niður á fasta klöpp fram með götunni 100 m langan og 5—7 m háan. Lauslega áætlað hefði slíkt mannvirki kostað á aðra milljón kr., auk þess sem uppfylling hefði lagt sig á nær milljón kr. Er því sjáanlegt, að vegagerð þessi hefði numið 2—3 millj. króna a.m.k., fyrir utan varanlegt slitlag með núverandi verðlagi, og er það margfalt verð, miðað við gatnagerð við eðlilegar aðstæður“.

Helgi S. Jónsson heilbrigðisfulltrúi hafði þegar 30. marz 1955 sótt um leyfi til að reisa íbúðarhús bak við tilgreint hús við Hafnargötu í Keflavík. Umsókn sína hafði hann ítrekað oftast en einu sinni. Hinn 13. júní 1958 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur beiðni hans „um leyfi til byggingar íbúðarhúss fyrir enda Austurgötu samkvæmt síðar sendri teikningu Einnig er leyfið háð því skilyrði, að landeigandi láti í té stíg frá Hafnargötu að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu, og sé sá stígur eigi minni en 4 metrar á breidd“. Bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar samþykkti þessa ráðstöfun 25. s. m. Yfirvöld Keflavíkurkaupstaðar leituðu ráða skipulagsstjóra ríkisins, áður en þau afréðu að hætta við framlengingu Austurgötu og staðsetja hús fyrir enda hennar, eins og hún var fyrir gerð skipulagsuppdráttar frá 1. marz 1944. Um þetta segir skipulagsstjóri í bréfi 4. desember 1964:

„1. Staðsetning húss Helga S. Jónssonar var á sínum tíma gerð í samráði við mig, og samþykkti ég hana fyrir mitt leyti, en að sjálfsgöðu með þeim fyrirvara, að samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur kæmi einnig til.

2. Skipulagsuppdráttur, er nær yfir þennan bæjarhluta, var staðfestur þ. 1/3 1944 af félagsmálaráðherra, og hefur enginn skipulagsuppdráttur af Keflavík eða hluta hans verið staðfestur síðan.

3. Svo sem hjálagður uppdráttur ber með sér, stendur hús Helga S. Jónssonar fyrir Austurgötu miðri, enda var samþykkt, að sú gata yrði lokuð í þennan enda, áður en bygging húss hans var leyfð.“

Hlutleysi Félagsmálaráðuneytis bendir til, að það uni orðnum hlut.

Hinn 9. desember 1964 gáfu landeigendur svofellda yfirlýsingu: „Í tilefni byggingarleyfis Helga S. Jónssonar, dags. 26/6 '58, verður umtalaður aðgangur að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu hér eftir sem hingað til staðsettur á milli húseignanna nr. 35 og 37 við Hafnargötu.“ Yfirlýsing þessi er árituð af byggingarfulltrúanum í Keflavík.

Hinn 20. apríl 1956 fékk aðaláfrýjandi máls þessara „af-

sal fyrir Austurgötu 8, efri hæð“. Aðaláfrýjandi kvartaði eigi, þá er Austurgötu var lokað, hvorki við gagnáfrýjanda né Félagsmálaráðuneytið.

Hinn 20. apríl 1961 rituðu eigendur húsanna nr. 6 og 8 við Austurgötu, þ. e. nr. 20C og 22C við Hafnargötu, gagnáfrýjanda og kröfðust þess, að undinn yrði að því „bráður bugur að koma akfærri götu að þessum húsum“. Talið er, að gagnáfrýjandi hafi af þessu tilefni látið lagfæra heimbrautina frá Hafnargötu að húsunum. Leið síðan og beið, unz aðaláfrýjandi tók með bréfum 10. febrúar og 6. marz 1963 að gera bótakröfu á hendur gagnáfrýjanda vegna þess, að Austurgötu hefði verið lokað með húsi Helga S. Jónssonar. Er þeim kröfum hans var eigi sinnt, höfðaði hann mál þetta með héraðsstefnu hinn 14. júní 1963.

Hinn 29. júlí 1941 veitti byggingarnefnd Keflavíkur leyfi til, að reist yrði hús það, sem aðaláfrýjandi á nú hluta af, þannig að það væri bakhús og aðgangur að því skyldi vera frá Hafnargötu. Gagnáfrýjandi hefur hvorki skert réttinn samkvæmt þessu byggingarleyfi né réttinn samkvæmt erfðafestusamningnum frá 6. september 1941. Gagnáfrýjandi hefur eigi stuðlað að því, að reist væri nein þau mannvirki á erfðafestulandi aðaláfrýjanda, sem miðuð væru við skipulagsuppdráttinn frá 1. marz 1944. Skaðabótaréttur aðaláfrýjanda verður því eigi reistur á atbeina gagnáfrýjanda til mannvirkjagerðar, er aðaláfrýjandi eða réttarleifendur hans hafi framkvæmt í trausti á nefndan skipulagsuppdrátt. Hvorki IV. kaflí laga nr. 55/1921 um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa né VII. kaflí skipulagslaga nr. 19/1964 geyma ákvæði, sem veiti manni skaðabótarétt, þá er fasteign hans er hvorki skert né umráðaréttur hennar takmarkaður frá því, er var fyrir gildistöku skipulagsuppdráttar, þótt skipulag sé ekki framkvæmt. Þá veita hvorki sett lög né meginstafir laga aðaláfrýjanda einstaklingsrétt (subjectivan rétt) til að krefjast þess, að Austurgata sé framlengd sjávarmegin fram með húsi hans samkvæmt skipulagsuppdrættinum frá 1. marz 1944. Hann getur því eigi á grundvelli slíks einstaklingsréttar reist skaðabótarétt á hendur gagnáfrýjanda,

þótt vonir hans um hagnað af framlengingu Austurgötu hafi brugðizt. Loks er eigi leitt í ljós neitt það atferli gagnáfrýjanda í sambandi við lokun Austurgötu, sem felli skaðabótaábyrgð á hendur honum. Eru þannig hvorki fyrir hendi atvik né lagarök, er á verði reist skaðabótaskylda gagnáfrýjanda í máli þessu. Ber því að dæma gagnáfrýjanda sýknu af skaðabótakröfu aðaláfrýjanda í málinu.

Ómerkja ber ákvæði héraðsdóms um umferðarmerkingu, þar sem hennar var eigi krafizt í héraði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og málf lutningslaun eiga að vera óröskuð.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um umferðarmerkingu er úr gildi fellt.

Gagnáfrýjandi, bæjarstjóri Keflavíkurkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af skaðabótakröfum aðaláfrýjanda, Hjartar Hjartarsonar, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og málf lutningslaun eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 4. janúar 1965.

Ár 1965, mánudaginn 4. janúar, var í bæjarþingi Keflavíkur, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Hákonu H. Kristjóns-syni, settum dómara samkvæmt sérstöku umboði, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 46/1963: Hjörtur Hjartarson gegn Keflavíkurkaupstað.

Mál þetta, sem þingfest var hér í bæjarþinginu 14. júní 1963 og dómtekið 17. desember 1964, hefur stefnandinn, Hjörtur Hjartarson verkamaður, Austurgötu 8, hér í bæ, höfðað með stefnu, útgefinni 22. maí 1963 og birtri 17. júní 1963, gegn Keflavíkurkaupstað til að fá ráðið fram úr og bætt vandræði þau og tjón, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna lokunar nyrðri enda Austurgötu í Keflavík. Gerði stefnandi þá

kröfu í upphafi máls, að stefndi yrði, að viðlögðum kr. 500.00 dagsektum, skyldaður til þess að útvega og leggja akfæra götu frá húsi stefnanda, Austurgötu 8 (áður Hafnargötu 22C), að Hafnargötu að öllu leyti á sinn kostnað og gert að greiða skaðabætur fyrir ólöglega lokun Austurgötunnar og löglausa skipulagsbreytingu, kr. 100.000.00 eða aðra að réttarins álitni hæfilega fjárhæð, ásamt 7% ársvöxtum af bótafjárhæðinni frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað. Undir rekstri málsins breytti stefnandi skaðabótakröfu sinni þannig, að stefndi yrði dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda um kr. 300.000.00 auk vaxta fyrir allt það tjón, beint og óbeint, áfallið og áfallandi, þar með talin óþægindi, óþrýði, slysaþætta svo og minnkandi söluhæfni og verðmæti eignar hans (íbúðar) í Austurgötu 8, sem leiðir af útilokun þess, að téð hús sé eða verði nokkru sinni tengt við götukerfi bæjarins á viðhlítandi hátt, með hinum áður ákveðna og áformaða hætti samkvæmt staðfestum skipulagsupprætti frá 1944.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Í réttarhaldi 18. október 1963 úrskurðaði hinn venjulegi dómari, hr. Alfreð Gíslason bæjarfógeti, að þar sem hann ætti sæti í bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og þannig viðriðinn málið, þætti rétt, að hann viki sæti í því ex officio, en engin krafa hafði komið fram í þá átt frá málsaðiljum.

11. nóvember 1963 skipaði hið háa ráðuneyti Hákon Heimi Kristjánsson til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta.

Í réttarhaldi 27. nóvember 1964 ákvað dómari samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936 og kröfu málsaðilja að skipta málinu þannig, að fyrst yrði það aðeins flutt og dæmt, að því er snertir skaðabótaskylduna almennt, en síðar eftir atvikum hin tölulega hlið þess.

Málavextir skulu nú raktir af máls skjölum og öðru því, sem fram hefur komið í málinu:

Seint í maímánuði 1934 var gengið frá heildarskipulagsupprætti fyrir Keflavíkurkaupþún af skipulagsnefndinni í Reykjavík. Uppdráttur þessi var síðan samþykktur í Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 7. júní sama ár. Samkvæmt upprætti þessum skyldi Austurgata liggja í norður og suður og vera sam-síða Hafnargötu austan hennar og ná í norður langleiðina að sjó að þvergötu, sem tengja skyldi hana við Hafnargötu gleiðu

horni, þannig að gatnamót tengigötunnar og Hafnargötu yrðu nokkru norðar gatnamótum tengigötunnar og Austurgötu.

Seint í júlímánuði 1941 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur að leyfa Guðlaugi St. Eyjólfssyni að byggja lítið hús úr asbestplötum á steinsteypum kjallara sem bakhús frá Hafnargötu, og er það hús það, sem mál þetta snertir mest. Miðað við skipulagsuppráttinn frá 1934, hefði hús þetta staðið norðan tengigötunnar, nær henni en Hafnargötu. Á þessum sama fundi nefndarinnar liggur frammi „skissa“ skipulagsnefndar af hverfi því, sem hús þetta átti að standa í, þar sem m. a. er lagt til, að fyrirhuguð Austurgata falli burtu og tengigatan færist sunnar. „Skissa“ þessi hefur ekki verið lögð fram í málinu, en eftir að hafa athugað hana, taldi nefndin rétt, að gamla skipulagið yrði látið halda sér að mestu leyti. Í septembermánuði sama árs fékk Guðlaugur afsal fyrir lóð undir húsið, og var hún auðkennd nr. 22C við Hafnargötu.

Seint í febrúarmánuði 1944 var gengið frá nýjum heildarskipulagsupprætti fyrir Keflavíkurkaupþún í skipulagsnefndinni, og hlýtur uppdráttur þessi bindandi staðfestingu í Félagsmálaráðuneytinu 1. marz 1944. Samkvæmt honum skyldi Austurgata framlengd norður með sjó og fyrri tengigata hennar við Hafnargötu vera u.þ.b. hornrétt á hana, þannig að gatnamót tengigötunnar og Hafnargötu færðust nokkru sunnar en var samkvæmt skipulaginu frá 1934. Með þessu yrði hús Guðlaugs hornhús norðvestan fyrirhugaðrar Austurgötu og fyrirhugaðrar tengigötu.

Síðla í septembermánuði 1944 fékk Guðlaugur leyfi byggingarnefndar til, að íbúðarhús, sem hann hafði byggt í leyfisleysi norðan við húsið Hafnargata 22C, fengi að standa þar áfram. Taldi nefndin, að leyfa ætti þetta, m. a. vegna þess „að skipulag á þessu svæði hefði breytt Guðlaugi í hag“. Tekið var fram, að leyfið legði engar kvaðir á hreppinn um götulögn að húsinu. Síðar á þessu sama ári var gerður lóðarleigusamningur vegna húss þessa, og er lóðin þar nefnd nr. 20C við Hafnargötu.

Í október 1945 er hluti hússins nr. 22C við Hafnargötu seldur, og er það í afsali og æ síðar auðkennt Austurgata 8.

Í marzlok 1955 er á fundi byggingarnefndar Keflavíkur tekin fyrir umsókn Helga S. Jónssonar um, að honum verði heimilað að byggja á nánar tilteknum stað austan Hafnargötu. Nefndin taldi sig ekki geta afgreitt mál þetta, að svo stöddu, „þar sem ennþá liggur ekki fyrir endanlegt skipulag á þessu svæði“. Um miðjan maímánuð 1956 er umsókn Helga enn til umræðu í nefnd-

inni, og samþykkir hún „að fá umsögn skipulagsstjóra um þær skipulagsbreytingar, sem staðsetning hússins hefur í för með sér“. Í júlímánuði sama árs getur nefndin þess á fundi sínum, að álits skipulagsstjóra hafi verið leitað, varðandi umsókn Helga, og hann hafi lagt til, að Austurgata yrði framlengd nokkuð og sett í samband við Hafnargötu. Byggingarnefnd samþykkti að leyfa Helga að byggja á hornlóð þeirri, er þarna myndist. Á fundi í nefndinni 13. júní 1958 er svo samþykkt að leyfa Helga að byggja fyrir enda Austurgötu, enda leyfið „háð því skilyrði, að landeigandi skaffi stíg að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu (þ. e. húsunum, sem áður voru auðkennd nr. 20C og 22C við Hafnargötu), og sé sá stígur frá Hafnargötu og 4 metrar á breidd. Fullnaðarsamþykki fékk Helgi síðan á bæjarstjórnarfundum 25. júní 1958, og er þar ítrekað og íþyngt skilyrðið um stíginn að Austurgötu 8. 31. maí 1960 er síðan gerður lóðarleigusamningur um lóð Helga, og var Austurgötu nú lokað í nyrðri enda á sama stað og tengigatan átti að koma samkvæmt skipulagsuppráttum frá 1944. Var þá enn eftir möguleikinn að þoka gatnamótum tengigötunnar og Austurgötu aðeins sunnar.

Með afsali, dagsettu 20. apríl 1956, eignaðist stefnandi íbúð í húsinu Austurgötu 8, og var þá, svo sem alltaf hefur verið, aðgangur að því frá Hafnargötu um stíg, en í stefnu og greinargerðum skýrir hann svo frá, að sér hafi verið kunnugt um, að Austurgatan yrði framlengd meðfram húsinu sjávarmegin samkvæmt gildandi skipulagsupprætti. Þá hafi húsið og verið auðkennt og tölusett sem nr. 8 við Austurgötu bæði í skjölum kaupstaðarins og annars staðar. Að sjálfsögðu hafi hann búizt við, að skipulaginu yrði fullnægt að þessu leyti, eftir því sem gatnagerð og framkvæmdum í kaupstaðnum miðaði áfram. Þess vegna hafi ekki beinlínis verið fengið um, þótt aðstaða og umferðaréttur gagnvart Hafnargötunni væri ekki í sem æskilegustu horfi. 20. apríl 1961 hafi þó eigendur húsanna nr. 6 og 8 við Austurgötu skrifað stefnda og farið þess á leit, að ekki yrði lengur dregið að koma akfærri götu að þessum húsum. Ekki verður séð af skjölum málsins, að erindi þessu hafi verið svarað bréflega, en stefndi mun hafa látið lagfæra stíginn að húsunum. Í febrúar- og marzmánuðum 1963 skrifar stefnandi enn bréf til stefnda, varðandi mál þetta, og svaraði hann ekki. Hins vegar virðist hafa verið unnið fullum fetum að undirbúningi smíði nýs húss við norðurenda Austurgötu, vestanverða, sem, eftir að mál þetta hófst, lokaði möguleikanum til lagningar

margnefndrar tengigötu milli Hafnargötu og Austurgötu. Ekki fullnægði stefndi tilkynningarskyldu þeirri, sem 20. gr. skipulagslaga nr. 55 frá 1921 bauð, enda byggingarleyfi við Austurgötu norðanverða ekki í samræmi við þar lögboðinn hátt né ákvæði 19. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 1964.

Í stefnu krafðist stefnandi þess, að stefndi yrði að viðlögðum dagsektum skyldaður til að gera akfæra götu frá Hafnargötu að húsinu Austurgötu 8, síðar féll hann frá kröfunni um dagsektir.

Ýtarleg vettvangsskoðun dómara svo og ljósmyndir og önnur málskjöl, sem lögð hafa verið fram, sýna, að húsið snýr að Hafnargötu og að aðgangur er að því frá þeirri götu yfir gangstétt hennar um allbreitt sund niður á rúmgott óbyggt svæði fyrir framan lóð stefnanda. Telja verður aðgang þenna, sem hvaða bifreið sem er kemst um, fullnægjandi, ef tryggt er, að bifreiðum sé ekki lagt fyrir sundið við Hafnargötuna, en engar ráðstafanir hafa verið gerðar í þá átt. Þessu skal stefndi bæta úr, enda getur hann ekki borið fyrir sig, að hann hafi falið það öðrum. Þá yrði og til hagræðis að breyta auðkenni hússins þannig, að það fengi aftur Hafnargötunúmer.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína fyrst og fremst á því, að bæjaryfirvöld hafi með löglausum hætti útilokað, að hægt væri nokkru sinni að tengja húsið Austurgötu 8 gatnakerfi bæjarins í samræmi við gildandi skipulagsupprátt frá 1944. Telur stefnandi sig eiga rétt til skaðabóta vegna þessa, þar sem nú megi sjá fyrir, að húsið verði áfram bakhús frá Hafnargötu í stað þess að verða fram við götu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim málsástæðum, að byggingarleyfi fyrir húsið hafi verið bundið því skilyrði, að það væri bakhús frá Hafnargötu, svo og að stefnandi og fyrirrennarar hans hafi með tómlæti firrt sig rétti, sem þeir annars kynnu að hafa átt. Það, að húsið var nefnt bakhús í byggingarleyfi, er ekki annað en lýsing byggingarnefndar á vettvangi og breytir ekki þeirri staðreynd, að samkvæmt þágildandi skipulagi frá 1934 stóð húsið við fyrirhugaða (tengi-)götu. Þá verður ekki fallið á, að stefnandi hafi firrt sig neinum rétti með aðgerðaleyfi í máli þessu, enda lokaðist vestursíða nyrðri enda Austurgötu ekki endanlega, fyrr en eftir að mál þetta hafði verið höfðað.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á þeim málsástæðum, að hann sé hvorki skaðabótaskyldur samkvæmt sérreglum skipulagslaga né almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi hafi ekki fært sönnur á, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna aðgerða stefnda. Þá hafi hann ekki heldur fært sönnur á, að stefndi hafi brotið á honum rétt með því að framkvæma ekki skipulagið frá árinu 1944, enda megi öllum vera ljóst, að bæjarfélagið hljóti að hafa svigrúm án bótaskyldu til skipulagsbreytinga, er miða að heill og hagsmunum bæjarfélagsins. En í þessu tilviki hafi framlenging Austurgötu sjávarmegin, þ. e. austan við hús stefnanda, og tenging hennar við Hafnargötu kostað stórfé fyrir bæjarfélagið vegna óvenjumikillar uppfyllingar. Enn fremur hefði gagnsemi þessarar gatnagerðar orkað tvímælis, bæði vegna umferðaróhagræðis á Hafnargötu, sem er ein aðalumferðargata Keflavíkurkaupstaðar, og lítils notagildis götunnar fyrir atvinnufyrirtæki í kaupstaðnum.

Ljóst er, að stefnandi getur ekki átt skaðabótarétt í máli þessu samkvæmt skipulagslögum, því þau eru aðeins starfsreglur stjórnvalda í lagaformi og geyma engin fyrirmæli um, hvernig einstaklingur skuli með fara, ef stjórnvald brýtur reglur þessar. Þó má af 23. gr. skipulagslaga nr. 55 frá 1921, sbr. 6. gr. i. f. skipulagslaga nr. 19 frá 1964, ráða, að stefnandi hefði getað snúið sér beint til Stjórnarráðsins, varðandi byggingarframkvæmdir við norðurenda Austurgötu.

Þá verður ekki fallizt á, að stefnandi eigi rétt til skaðabóta í máli þessu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins. Að vísu verður Austurgata ekki framlengd óslitið í norður, og fyrirhugaðri tengigötu verður ekki komið fyrir á þann hátt, sem gildandi skipulag gerir ráð fyrir, en þar með er ekki viðurkennt, að hús stefnanda komist ekki í gatnasamband sjávarmegin, því gildandi skipulag gerir einmitt ráð fyrir sjávargötu á uppfyllingu, og er allt tal stefnda um annað út í hött, þar eð hann brestur vald til að breyta skipulaginu í annað horf.

Svo sem nú er rakið, verða úrslit þessa máls því þau, að ekki er viðurkennd fébótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda vegna löglausrar breytingar stefnda á gildandi skipulagsuppdrætti, enda ekki viðurkennt, að stefnandi hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna hennar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hr. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, sem hæfileg ákveðast kr. 33.600.00, greiðast úr ríkissjóði, en mál þetta er gjafsóknarmál.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Keflavíkur, auðkenni sund að húsinu Austurgata 8 með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu.

Hann skal sýkn af skaðabótakröfu stefnanda.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, hr. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 33.600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1965.

Nr. 187/1965. **Valdstjórnin**

gegn

Guðleifi Guðmundssyni og

Víkingi Halldórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 27. október þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hafa varnaraðiljar samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og þeir látnir lausir úr gæzluvarðhaldi. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.